

# Fundur í stjórn Foreldrafélags Akurskóla.

Haldinn 1. desember 2008

Mættir: Hafdís N. Hafsteinsdóttir, Hulda Klara Hjaltadóttir, Kristjana Guðlaugsdóttir, Inga Birna Kristinsdóttir og Jóna Guðrún Jónsdóttir.

## 1. Fréttabréf

Fréttabréfi FFA var dreift til nemenda í síðustu viku og einnig í tölvupósti.

## 2. Flóamarkaður

Flóamarkaðurinn gekk vel um síðustu helgi og þó nokkuð safnaðist í ferðasjóð nemenda. Hulda Klara mun stofna nýja sparibók fyrir ferðasjóðinn. Hugmynd um að halda annan flóamarkað í febrúar/mars á næsta ári.

## 3. Laufabrauðsgerð

Laufabrauðsgerðin mun fara fram nk. fimmtudag og krefst mikils og góðs undirbúnings. Stjórnarkonur ræddu og ákváðu magn og fyrirkomulag. Gott væri að hafa leikhorn fyrir yngstu börnin og systkini. Búið er að senda út tölvupóst til foreldra. Á miðvikudag munu nemendur fá bréf með sér heim.

## 4. Handbók FFA

Jóna Guðrún talaði um að gott væri að yfirfara handbókina fljótlega eftir áramót og gera hana aðgengilegri enda hefur margt breyst þessi fyrstu ár skólans. Ennig væri gott og gaman að láta búa til "logo" fyrir foreldrafélagið.

Fundi slitið

Fundarritari: Jóna Guðrún Jónsdóttir